

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS OG BÚSTAÐA

Ár 2015, mánudagurinn 16. febrúar var haldinn 129. fundur hverfisráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis og hófst hann kl 15.30 í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Mættir: Dóra Magnúsdóttir, Hörður Oddfríðarson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Sverrir Þór Sverrisson og Elinóra Inga Sigurðardóttir. Áheyrnafulltrúi: Snorri Þorvaldsson. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Valgerður Sólveig Pálsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitis, Bergný Jóna Sævarsdóttir frá Íbúasamtökum Bústaðahverfis, Aðalbjörg Traustadóttir og Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjórar og Baldur Örn Arnarson sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins undir dagskrárlið nr. 1 voru Stefán Agnar Finnsson, yfirverkfræðingur á Umhverfis- og Skipulagssviði og Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi.

Þetta gerðist:

1. Stefán Agnar Finnsson og Hjálmar Sveinsson kynntu fyrirhugaðar framkvæmdir á Grensásvegi.
Hverfisráð Háaleitis- og Bústaðahverfis ákvað, í samráði við íbúasamtök hverfanna, að boða til íbúafundar um fyrirhugaðar framkvæmdir og gefa þannig íbúum tækifæri á að afla sér upplýsinga um málefnið og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við starfsmenn og kjörna fulltrúa Reykjavíkurborgar.
Nánari útfærslur og dagsetning verður ákveðin í framhaldi af fundi þessum.
 - Kl. 16. 50 víkja Elinóra Inga Sigurðardóttir og Elín Oddný Sigurðardóttir af fundi.
2. Formaður hverfisráðs greindi frá afrakstri fundar með starfsmönnum Hæðargarðs.
 - Kl. 17.20 víkur Sverrir Þór Sverrisson af fundi.
3. Aðalbjörg Traustadóttir kynnti skipulagsbreytingar á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem tóku gildi 15. febrúar sl. Aðalbjörg hefur tekið að sér tímabundið verkefni á skrifstofu velferðarsviðs. Verkefnið snýr að endurskoðun á skipulagi búsetukjarna og þróun nýrra hugmynda og lausna í búsetuáráttum fyrir fatlað fólk, einkum að því er varðar geðfatlaða einstaklinga og einstaklinga með flóknar umönnunarþarfarir. Gert er ráð fyrir að verkefnið vari í eitt ár. Við starfi Aðalbjargar tekur Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.

Fundi slitið kl. 17.30

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Hörður Oddfríðarson (Sign)